



ÁRSSKÝRSLA 2017

FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS

Samantekt

Árið 2017 var hefðbundið í starfsemi Flugmálafélagsins. Stjórn félagsins hélt uppi merkjum flugmála á vettvangi fjölmiðla, stjórn mála, stjórnsýslu og í grasrótinni sjálfri. Helstu viðburðir ársins voru flugdagur á Reykjavíkurvelli í júní og flughátíðin Allt sem flýgur á Helluflugvelli í júlí.

Starfsemi aðildarfélaga var blómleg á árinu.

Árþing 2017

Síðasta þing Flugmálafélags Íslands var haldið þann 20. september 2017 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, áður Hótel Loftleiðir. Ágæt mæting var á þingið og var skýrsla stjórnar kynnt auk skýrslur sérgreinadeilda.

Matthías Sveinbjörnsson var endurkjörinn forseti félagsins. Til viðbótar voru sjö (7) stjórnarmenn kjörnir á þinginu og skiptu þeir svo með sér verkum:

- Friðbjörn Orri Ketilsson, varaforseti
- Kristján Sveinbjörnsson, varaforseti
- Kári Kárason, ritari.

- Styrmir Bjarnason
- Óli Öder
- Gylfi Árnason, Gjaldkeri
- Ágúst Guðmundsson

Aðildarfélög

Aðildarfélög FMÍ árið 2017 voru þessi.

- 1974 ehf.
- Atlantsflug ehf
- AOPA Ísland
- Fisfélag Reykjavíkur
- Fljúgðu slf.
- Flugfélagið Ernir ehf.
- Flugfélagið Geirfugl ehf.
- Flugklúbbur Mosfellsbæjar
- Flugklúbbur Selfoss
- Flugskóli Íslands ehf.
- Garðaflug ehf
- Keilir Aviation Academy ehf.
- Mýflug hf.

- Norðurflug ehf.
- Svifflugfélag Akureyrar
- Svifflugfélag Íslands
- Svifvængjafélagið Bólstri
- Vélflygfélag Akureyrar
- Vængir ehf.
- Yakar, flugklúbbur alþýðu. ehf
- Þyrlupjónustan ehf.
- Þytur ehf.
- Þytur,flugmóðelfélag
- Örninn - Hollvinafélag Flugsafn

Stefna

Stjórn fundaði reglulega yfir árið og átti góð rafræn samskipti á milli funda. Stjórn vann eftir sömu stefnu og verið hefur síðustu ár sem er tilgreind í stefnu Flugmálafélagsins en þar segir:

Stefna Flugmálafélagsins er að efla flug á Íslandi. Félagið vinnur að þeirri stefnu með margvíslegum hætti svo sem flugsýningum, flughátíðum, fræðslu og nánu samstarfi við opinbera aðila. Innan félagsins starfa nær öll félög, samtök og hópar sem tengjast flugstarfsemi og flugíþróttum á Íslandi. Þá hefur Flugmálafélagið frá stofnun haft sporgöngu um að efla flugöryggi með fræðslu, fundarhöldum og góðu samstarfi við aðildarfélög og opinbera aðila í flugöryggismálum.

Stjórn mótaði sér einnig þá stefnu að auka jákvæða umfjöllun um flug með auknum samskiptum við fjölmiðla og opinbera aðila.

Hagsmunagæsla

Flugmálafélagið stóð að öflugri hagsmunagæslu fyrir íslenska flugsamfélagið á árinu. Helstu verkefni á því sviði eru regluleg samskipti við opinbera aðila er koma að flugmálum svo sem Samgönguráðuneytið, Samgöngustofu, Isavia og erlend flugmálafélög og regnhlífarsamtök.

Flugmálafélagið hélt áfram baráttu fyrir flugvellið í Reykjavík. Félagið tók þátt í umræðum í fjölmiðlum, fundum með opinberum aðilum, vinnu hjá Isavia, aðstoðaði sérhæfðari hagsmunasamtök.

Það er ljóst að aðstaða fyrir kennslu og einkaflug á suðvesturhorninu á undir höggi að sækja. Í Keflavík er sífellt þrengt að opnunartíma fyrir kennsluflug á Reykjavíkurlflugvelli vinna borgaryfirvöld stöðugt að því að úthýsa kennslu- og

einkaflugi. Flugmálafélagið hefur á liðnum misserum kannað hvaða möguleikar eru fyrir hendi í þeirri stöðu sem er komin upp án þess þó að gefa nokkuð eftir.

Fækkun lendingarstaða er félaginu enn sem endra nær sérstakt áhyggjuefni og lagði stjórn FMÍ hart að yfirvöldum að viðhalda skráðum og óskráðum lendingarstöðum sem víðast á landinu. Lendingarstaðir eru mikilvægt öryggis- og samgöngutæki í almanna og kennsluflugi. Félagið hefur formlega óskað eftir því við samgönguráðuneytið að skoðuð verði yfirtaka Flugmálafélagsins á lendingarstöðum til þess að tryggja tilveru þeirra til framtíðar.

Flugmálafélagið fékk reglugerð um endurgreiðslu á gjöldum á bílabensíni breytt á þann veg að tímatakmarkanir voru teknar út á kröfu um endurgreiðslu. Sú breyting var unnin í nánú samstarfi við Fjármálaráðuneytið.

Verndaráætlanir í loftrými

Flugmálafélagið hefur viðhaldið tengslum við Umhverfisstofnun til þess að tryggja að takmarkanir sem stofnunin hafði í huga að setja á flug litu ekki dagsins ljós. Viðhorf stofnunarinnar hefur breyst varðandi loftrými og vísar hún nú í almennar reglur og höfðar til skynsemi flugmanna á varpsvæðum og öðrum svæðum sem eru viðkvæm fyrir náttúru og ferðaþjónustu.

Þó svo að ákveðinn varnarsigur hafi unnist þá er ljóst að lendingar utan skráðra lendingarstaða eru á gráu svæði. Innan þjóðgarða hafa flugmenn verið sektaðir fyrir að lenda þar sem þjóðgarðsverðir hafa verið nærri. Félagið mun fylgjast náið með þeirri þróun og vinna að því að auka frelsi flugmanna á þessu sviði.

Traustur rekstur

Rekstur Flugmálafélagsins ver með hefðbundnum hætti á árinu. Reynt var að auka tekjur með endurnýjun styrktar samninga við atvinnufélög og er flugdagurinn á Reykjavíkuvelli stærsti einstaki samningurinn. Stjórn hélt áfram að leita leiða til þess að fjármagna fullt stöðugildi hjá félaginu en hafði ekki erindi sem erfiði á árinu.

Viðburðir

- **Flughátíðin Allt sem flýgur á Hellu**

Flughátíðin á Hellu var haldin með hefðbundnu sniði og var afar vel sótt. Ljóst er að aðgangsmet var slegið enda veður með besta móti. Kvöldverður var að þessu sinni í flugskýlinu á Hellu og komust færri að en vildu. Flugmálafélagið keypti og setti upp salerni við flugstöðina sem koma til með að bæta aðstöðu

flugfólks á svæðinu til lengri tíma. Samstarf við sveitarfélagið hefur verið aukið og mikill áhugi á svæðinu að gera enn betur á næsta ári.

- **Flugöryggisfundir**

Flugmálafélagið stóð að flugöryggisfundi í samstarfi við Samgöngustofu sem var vel sóttur þar sem farið var yfir helstu atriði flugöryggismála. Samstarf við AOPA Ísland hefur jafnframt verið aukið á þessu sviði og er það vel.

- **Flugdagur á Reykjavíkflugvelli**

Þess má geta að Flugdagur 2017 tókst með eindæmum vel og var fjölsóttasti flugdagur í sögu Flugmálafélagsins. Hápunktur flugsýningarinnar var koma F/A-18 Super Hornet kanadíska flughersins en gríðarleg ánægja var komu hennar en það er í fyrsta skipti í áraraðir ef ekki áratugi sem sambærileg vél kemur á flugsýningu félagsins.

- **Fundur með stjórnámálamönnum**

Félagið stóð fyrir fundir með frambjóðendum í aðdraganda Alþingiskosninganna sem var vel sóttur og upplýsandi fyrir kjósendur. Fundurinn var sendur beint út á netinu og er aðgengilegur á YouTube fyrir áhugasama.

Innlend starfsemi

Til viðbótar við hefðbundna hagsmunagæslu þá hélt Flugmálafélagið áfram rekstri á bensíndælu í Fluggörðum til þess að lækka bensínkostnað aðildarfélaga. Dælan var rekin í samstarfi við Atlantsolíu og var samstarfið til fyrirmyndar á árinu. Það er ljóst að umtalsverðir fjármunir hafa sparast hjá aðildarfélögum með bættu aðgengi að ódýru eldsneyti sem býður uppá endurgreiðslu á sköttum og gjöldum.

Í ársbyrjun 2018 fékk félagið þær upplýsingar að Atlantsolía gæti ekki lengur útvegað Ethanol laust eldsneyti og var því farið að leita leiða til þess að útvega það í framhaldinu. Rétt fyrir páska tókst félaginu að útvega Ethanol laust eldsneyti á tankinn í Fluggörðum og taka yfir rekstur dælnnar.

Félagið er að skoða með hvaða hætti þessum rekstri verður framhaldið en markmiðið er að lágmarka kostnað fyrir aðildarfélög FMÍ og auka aðgengi að eldsneyti úti á landi.

Forseti félagsins á sæti í Fagráði um Flugmál sem er skipað af samgönguráðherra. Þar er vettvangur sem nýtist til þess að koma sjónarmiðum grasrótariðinnar á framfæri og hefur það nýst ágætlega þó svo að skilningurinn megi alltaf vera meiri.

Erlend starfsemi

Flugmálafélagið hefur alla tíð tekið virkan þátt í erlendu starfi flugmálafélaga til þess að viðhalda og efla tengsl Íslands við önnur lönd. Þau tengsl eru verðmæt þegar kemur að því að læra af árangri annarra landa og mistökum. Sérstaklega er þessi starfsemi mikilvæg þegar kemur að regluverki og lagasetningu en íslenskt regluverk hefur til þessa þótt heldur stíft og óþarfalega langt gengið við þýðingu og innleiðingu erlendra reglna hérlendis.

Flugmálafélagið hefur átt samskipti við stjórnvöld og sótt leiðsögn til erlendra aðila hvað regluverk snertir.

Á liðnu ári var erlendi starfsemi með hefðbundnu sniði. Sérstaklega má þó nefna:

- Véflugdeild sótti fundi AOPA erlendis.
- Svifflugdeild sótti fund Svifflugdeilda Flugmálafélaga Norðurlandanna.
- Svifflugdeild sótti fund Svifflugdeildar Europe Airsports (Europe Gliding Union)
- Fiskeildin sótti fund Svifdrekadeilda Flugmálafélaga Norðurlandanna.
- Forseti FMÍ og varforseti sóttu norðurlandaping Flugmálafélag og er samstarf þar á milli gott. Þess má geta að næsta þing verður haldið á Íslandi.

Flugmálafélagið er með fulltrúa í öllum deildum Alþjóða Flugmálafélagsins FAI. Þessir fulltrúar fylgjast með því sem er að gerast í hverri deild með hagsmuni Íslands að leiðarljósi.

Fundi deilda FAI geta fulltrúar okkar sótt þegar hægt er.

Ágúst Guðmundsson situr í framkvæmdastjórn FAI. Hann hefur setið í framkvæmdastjórn FAI frá 2014 sem fulltrúi Flugmálafélags Íslands og var endurkjörinn 2016.

Flugmálafélagið annast útgáfu FAI Sporting Licence til félagsmanna aðildarfélaga en það skírteini er skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegum mótum FAI.

Þátttaka íslenskra flugmanna á alþjóðamótum hefur aukist og fagnar Flugmálafélagið þeirri þróun.

Á Íslandi er árlega haldið alþjóðlegt svifvængjamót með keppendum hvaðanæva að úr heiminum, árið 2017 voru keppendur frá Ísrael, Þýskalandi, Rússlandi, Sviss, Kanada, USA, Frakklandi, Hollandi, Spáni og Svíþjóð auk íslenskra keppenda.

Á þessu ári (2018) verður Íslandsmót/alþjóðlega svifvængjamótið að venju, en auk þess verða Íslandsmót vélfisa og Íslandsmót í vélflugi á Helluflugvelli rétt fyrir Helluhátíð Flugmálafélagsins, keppnisdagur verða 10-12/13 júlí.

Styrkir

Flugmálafélagið hefur í gegnum árin veitt einstaklingum og aðildarfélögum styrki til flugtengdra verka sem stjórn telur samrýmast tilgangi félagsins. Þessi verkefni hafa nær öll varðað þátttöku á flugmótum erlendis eða til eflingar erlendra flugtengsla aðildarfélaga. Á liðnu ári voru eftirfarandi styrkir veittir.

- Hans Kristján Guðmundsson og Týr Goldsmith
Heimsmeistaramóti í Svifvængjaflugi á Ítalíu
 - 100.000 kr.
 - Hans lenti í 73 sæti og Týr í sæti 134 en keppendur voru 149

Aðildarfélög Flugmálafélagsins mættu vera duglegri að sækja styrki til félagsins.

Samstarfsverkefni um flugöryggi

Samstarf Flugmálafélagsins við Samgöngustofu í flugöryggismálum hélt áfram á árinu en það hefur gengið mjög vel.

Mikilvægi flugs og grasrót

Á síðustu misserum hefur mörgum orðið tíðrætt um að ferðaþjónustan sé orðin stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugreinin. Hún hafi komið okkur upp úr öldudal hrunsins og skapað flest störf á síðastliðnum árum. Þetta má til sannsvegar færa en sjaldan er bent á þá staðreynd að flugið skilar mestu af þessu innan ferðaþjónustunnar, eins og hún er skilgreind. Staðreyndin er sú að ferðaþjónustan hefði lítið til að byggja á án öflugra flugsamgagna. Flugið er bæði burðarás og bakbein ferðaþjónustunnar.

Það er ekki sjálfgefið að öflugum flugsamgöngum sé viðhaldið við landið og í grunninn byggja þær á öflugum félögum sem uxu upp úr grasrót flugs á Íslandi. Grasrótin er mikilvæg til frekar vaxtar flugsins en það lætur nærri að bara á Reykjavíkflugvelli séu 500 nemendur í verklegu flugnámi og 200 nemendur í bóklegu námi. Þess fyrir utan eru ungir flugmenn að afla sér reynslu sem nýtist síðar meir í starfi. Nú er komin upp sú staða að skortur er á flugmönnum með tilskilin réttindi og reynslu. Það er rétt að taka þá stöðu alvarlega og skoða með hvaða hætti er hægt að efla enn frekar nýliðun í fluginu.

Það er á þessum uppgangstímum sem baráttan fyrir öflugri grasrót, eflingu

áhuga á flugi með ungu kynslóðinni og almennt jákvæðri umræðu og umfjöllun um flug á Íslandi er gríðarlega mikilvæg. Flugíð þrífst ekki án öflugar grasrótar – grasrót þarf andrými og góð skilyrði til þess að lifa.

Að lokum

Sem fyrr er ljóst að slagkraftur Flugmálafélagsins er að aukast. Aðildarfélögum þess hefur fjölgað úr 18 í 25 á síðustu árum og ljóst að fleiri horfa til Flugmálafélagsins sem aðila sem geti hreyft við hlutunum og unnið gagn fyrir sín flugsamfélagið.

Flugmálafélag Íslands mun nú sem endra nær vinna að hagsmunum, uppbyggingu og vexti flugs á Íslandi en jafnframt stuðla að samheldni og góðum samskiptum á milli aðildarfélaga FMÍ. Félagið mun með sama hætti og fyrir tæpum 80 árum vinna að því

“að efla áhuga fyrir flugsamgöngum hjer á landi og til annara landa og útbreiða þekkingu á flugmálum með þjóðinni.”

Samþykkt af stjórn Flugmálafélagsins.